



Þinggerð 99.Sambandsþings UMSB haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021

1. Setning

Bragi sambandsstjóri UMSB biður fólk velkomið á þingið. Fer yfir nokkrar reglur varðandi að fólk á að sitja í sínum sætum. Ekki vera að rápa of mikið um salinn. Passa að halda 1m á milli manna.

Bragi gerir það að tillögu sinni að þingforseti verði Aðalsteinn Símonarson og Flemming Jessen verði vara þingforseti. Það er samþykkt og tóku þeir við fundarstjórn.

2. Kosning þingforseta og ritara

Aðalsteinn þakka traustið. Hann gerir það að tillögu sinni að Bjarni Þór Traustason og Raket Guðjónsdóttir verði ritara þingsins. Það var samþykkt og tóku þau til starfa.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Tillaga að Guðrún Þórðardóttir, Kristján Gíslason og Ingvi Árnason. Nefndin var samþykkt og tóku þau strax til starfa.

Afreksmannasjóður UMSB

Páll Snævar Brynjarsson tók til máls fyrir hönd úthlutunarnefndar. Nefndin hefur farið yfir þær umsóknir sem bárust. Alls munu 7 aðilar hljóta styrk úr Afreksmannasjóði UMSB að þessu sinni. Þau eru Alexandra Rán Guðnýjardóttir fyrir kraftlyftingar 100.000 kr, Birgitta Dröfn Björnsdóttir fyrir dans 100.000 kr, Bjarni Guðmann Jónsson fyrir körfuknattleik 75.000 kr, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir fyrir sund 75.000 kr, Kristín Þórhallsdóttir fyrir kraftlyftingar 120.000 kr, Kvennalið Skallagríms í körfuknattleik 120.000 kr og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir fyrir körfuknattleik 100.000 kr

4. Skýrsla stjórnar og reikningar

Bragi fer lauslega yfir störf UMSB 2020

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri fer yfir reikninga UMSB 2020. Opið var fyrir fyrirspurnir úr sal en engar fyrirspurnir bárust.

5. Álit kjörbréfanefndar

Kjörbréfanefnd fer yfir kjörbréfin og les upp fundarmenn sem eiga rétt á að kjósa á þinginu. Gild kjörbréf voru fyrir 35 fulltrúa. Álit kjörbréfanefndar var borið upp til samþykktar og var það samþykkt.

Fulltrúar eru þessir:

Íslendingur:

Kristján Guðmundsson, Borgar Páll Bragason, Aðalheiður Kristjánsdóttir

Mótorsportfélag Borgarfjarðar:

Jakob Hermannsson, Magnús Örn Hreiðarsson

Frjálsípróttfélag Borgarfjarðar:

Unnur Jónsdóttir

Golfklúbbur Borgarness:

Ingvi Árnason, Guðmundur Daníelsson, Elva Pétursdóttir

Hestamannafélagið Borgfirðingur:

Kristján Gíslason, Brynja Gná Heiðarsdóttir, Ólafur Flosason, Linda Rún Pétursdóttir, Rósa Björk Jónsdóttir

Björn Hítðælakappi:

Gísli Friðjónsson

Skallagrímur:

Páll S Brynjarsson, Oddný Eva Böðvarsdóttir, Sölvi Gyolfason, Jón Theodór, Þórhildur María Kristinsdóttir, Skúli Guðmundsson, Ragnheiður

Guðmundsdóttir, Bergþór Ægir Ríkharðsson, Sigurkarl Gústafsson, Sigríður Bjarnadóttir, Bjarni Þór Traustason, Bragi Þór Svavarsson, Oliver Fjelsted

Stafholtstungur:

Helena Rut Hinriksdóttir, Ólafur Daði Birgisson

Reykdælir:

Þóra Árnadóttir, Þórir Örn Hafsteinsson, Guðjón Guðmundsson.

Dagrenning:

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir

Glanni:

Snorri Þórðarson

6. Kosning starfsnefnda þingsins

Kosið um formenn nefnda

Formaður fjárhagsnefndar: Guðmundur Daníelsson - samþykkt

Formaður Alsherjanefndar: Þórhildur María Kristinsdóttir - samþykkt

Formaður Íþróttanefndar: Oddný Eva Böðvarsdóttir – samþykkt

7. Inntaka nýrra aðildafélaga

Ekkert félag hefur beðið um inntöku

8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar

Enginn kvað sér hljóðs.

9. Ávörp gesta

Garðar Svansson frá ÍSÍ heldur ávarp - Garðar hrósaði UMSB fyrir góð störf og þrátt fyrir erfitt ár þá standi sambandið sterkum fótum. Hann nefndi að þrátt fyrir innspýtingu frá stjórnvöldum þá þurfi að gera mun betur. Garðar hvetur félögin innan UMSB til þess að sem flestir gerist Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Hann nefndi ýmis lýðheilsuverkefni sem UMSB hefur verið duglegt að taka þátt í. Hann fagnaði samstarfi Borgarbyggðar og UMSB sem hefur elft starfið og fagmennskunnar. Einnig fagnaði hann nýundirrituðum samstarfssamningi á milli UMFÍ og UMSB um aukin verkefni sem framkvæmdarstjóri tekur að sér og vill sjá fleiri verkefni í þessum anda því það muni styrkja félög á landsbyggðinni.

Garðar endaði á að veita Jakobi Skúlasyni Gullmerki ÍSÍ en Jakob er fyrrverandi formaður Knattspyrnudeildar Skallagríms og stjórnarmaður KSÍ til fjölda ára.

Hallbera Eiríksdóttir frá UMFÍ heldur ávarp - hún flutti kveðjur frá formanni og starfsfólki UMFÍ. Hún nefndi að aukagreiðslur hafi borist frá Íslenskum getraunum uppá upb. 350 milljónir vegna áhrifa Covid 19. Hallbera hvatti félög til þess að nýta sér úrræði sem í boði eru vegna faraldursins. Hún hvatti alla til þess að

fjölmenna á Unglingalandsmót á Selfossi og

Gullmerki UMFÍ hlutu:

Flemming Jessen - fyrir áralangt starf tengt þjálfun bæði ungra sem aldina og hefur hann verið burðarás í skipulagningu á öllum Landsmótum 50+

Guðjón Guðmundsson - fyrir starf sitt í þjálfun í nánast öllum íþróttagreinum og þá ekki síst haldið merki sundíþróttarinnar á lofti í héraðinu.

Starfsmerki UMFÍ hlutu:

Páll S. Brynjarsson - fyrir mikið og gott starf í þágu knattspyrnuhreyfingarinn í héraðinu.

Sigríður Bjarnadóttir - fyrir störf sín í þágu Badmintonhreyfingarinnar þar sem hún var formaður um tíma ásamt því að hafa verið aðaldrífjögðurin í starfi íþróttarinnar í héraðinu.

10. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þingforseti las upp tillögur og leggur til að þær verði teknar fyrir í eftirfarandi nefndum:

Tillögur á sambandsþingi UMSB Hjálmakletti 4. mars 2021.

1. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 samþykkir að félagaskattur verði 450 kr. á hvern skattskyldan féлага fyrir árið 2021. Vísað í fjárhagsnefnd

2. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2021, sbr. þingskjal 1.
Vísað í fjárhagsnefnd

Ungmennasamband Borgarfjarðar Áætlun 2021

	Skýr.	Áætlun 2021
Rekstrartekjur		
Félagaskattur	1	1.640.000
Framlög og styrkir	2	26.737.644
Lottó	3	11.700.000
Húsa- og vallarleigutekjur	4	29.845.000
Rekstrartekjur alls		69.922.644
Rekstrargjöld		
Laun og verktakagreiðslur	5	17.500.000
Styrkir til aðildarfélaga	6	16.574.411
Kostnaður v/ mótahalds	7	550.000
Rekstur mannvirkja	8	29.546.000
Rekstur skrifstofu	9	2.665.000
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	705.000
Afskriftir rekstrarfjármuna	11	93.683
Rekstrargjöld alls		67.540.411
Rekstrarafkoma án fjárm.- og fjárm.liða		2.382.233

3. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 þakkar sveitarfélaginu Borgarbyggð samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
Vísað í allsherjarnefnd
4. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 þakkar Skorradalshreppi samstarfið og stuðninginn á liðnu ári.
Vísað í allsherjarnefnd
5. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 þakkar Hvalfjarðarsveit fyrir samstarfið á árinu.
Vísað í allsherjarnefnd
6. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 samþykkir að tilnefna Írisi Grönfeldt í valnefnd fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar 2021.

Vísad íþróttanefnd

7. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 samþykkir að tilnefna Rósu Marinósdóttur, Pál Brynjarsson og Írisi Grönfeldt í stjórn Afreksmannasjóðs UMSB og Bjarna Traustason til vara.
Vísad í íþróttanefnd.
8. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Selfossi um verslunarmannahelgina. Einnig að hvetja aðildarfélög og deildir að upplýsa um þátttökumöguleika í þeim tilgangi að auka þátttöku.
Vísad í Íþróttanefnd.
9. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars, hvetur sambandsaðila til að mæta öflug á Landsmót UMFÍ 50 + í Borgarnesi 2021. Hvetur einnig sjálfboðaliða til að taka virkan þátt í undirbúningi og vinnu við mótið.
Vísad í íþróttanefnd
10. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars beinir því til Borgarbyggðar að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi. Íþróttahreyfingin innan UMSB býður fram krafta sína við undirbúning mannvirkja.
Vísad í allsherjarnefnd

Greinagerð:

Ljóst er að aðstaða til íþróttaiðkunar er ekki nægilega góð fyrir tiltekna íþróttgreinar í sveitafélaginu Borgarbyggð. Einnig er erfitt eins og staðan er í dag fyrir aðrar íþróttgreinar að koma inn þar sem ekki er pláss fyrir þær í því húsnæði sem er í boði. Ekki hefur verið farið í stórar framkvæmdir til að bæta aðstöðu síðan 1997 þegar landsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi. Þá var farið í mikla uppbyggingu sem var mjög mikil á þeim tíma. Ljóst er að löngu tímabært er að hefja framkvæmdir á bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar. UMSB leggur áherslu á að farið sé í framkvæmdir sem allra fyrst. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi 2023 þar sem yfir tíu þúsund manns koma saman til að fylgjast með framtíðar íþróttafólki. Ljóst er að aðstaðan sem boðið er uppá núna er á mörkum að hægt sé að halda mótið. Með frekari uppbyggingu verður sambandssvæðið samkeppnishæft við önnur sveitarfélög um að halda mót eins og unglíngalandsmót. Samhliða byggingu þarf að taka tillit til félagsaðstöðu fyrir

íþróttahreyfinguna. Íþróttahreyfingin ítrekar að hún gefur kost á sér til að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er.

11. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars samþykkir að vinnuhópur verður stofnaður til að fara yfir reglugerð lottó sem UMSB úthlutar tvisvar á ári. Niðurstöður verða kynntar á formannafundi UMSB 2021.
Vísað til alsherjanefndar

12. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars samþykkir að hvatningarverðlaun verði tekin upp og stjórn UMSB falið að útfæra reglur og kynna á formannafundi UMSB.
Vísað til alsherjanefndar

Greinagerð:

Hvatningarverðlaun UMSB eru veitt þegar tilefni þykir til. Hvatningarverðlaun UMSB eru veitt þjálfara, sjálfboðaliða, stjórnarmanni, liði, leikmanni eða hverjum þeim sem hefur skarað fram úr í starfi UMSB eða inna félaga og deilda UMSB. Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning á því góða starfi sem unnið hefur verið. Stjórn UMSB ákveður á hverjum tíma hvernig verðlaunum skal háttað.

13. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars. Samþykkir að skoðunarmenn reikninga UMSB verði Einar Ole Pedersen og Eiríkur Ólafsson til vara Guðmundur Sigurðsson.
Vísað í fjárhagsnefnd.

14. 99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars samþykkir nýja reglugerð um Íþróttamann Borgarfjarðar.
Vísað í alsherjanefnd og íþróttanefnd.

Tillaga að nýrri reglugerð

Reglugerð um íþróttamann Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanni Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri Íþróttamanns Borgarfjarðar.

2. grein

Sem fyrst eftir áramót skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í á sambandssvæði UMSB á því ári sem kjörið nær til.

3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2.janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

4. grein

Þeir sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b. Sérstök fimm manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarfjargöð, einn af stjórn UMSB, einn tilnefndur af Skorradal og einn tilnefndur frá Hvalfjarðarsveit. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.
Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 40% á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

5. grein

Atkvæði greiddast þannig að sá sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sá íþróttamaður sem fær flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a hlýtur 10, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..

Sá íþróttamaður sem valinn er í fyrsta sæti samkvæmt lið b hlýtur 10 stig, sá næsti hlýtur 9 stig o.s.fv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a og b og sá íþróttamaður sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnaður íþróttamaður Borgarfjarðar. Standi tveir íþróttamenn upp með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið b ráða úrslitum. Sá íþróttamaður sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamaður Borgarfjarðar”.

6. grein

Íþróttamaður Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan eignabikar og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

7. grein

Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Aðrir sem tilnefndir eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda fimm stigahæstu

einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda

8. grein

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót í samvinnu UMSB og sveitafélögin sem standa að kjörinu.

Reglugerð þessi var samþykkt á formannafundi UMSB 5. október 2017.

11. Þinghlé – nefndir starfa

12. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Tillaga 1. Samþykkt

Tillaga 2. Samþykkt

Tillaga 4. Samþykkt

Tillaga 5. Samþykkt

Tillaga 6. Samþykkt

Tillaga 7. Samþykkt

Tillaga 8. Samþykkt

Tillaga 9. Samþykkt

Tillaga 10. Alsherjanefnd gerði viðbót við greinagerð sem kom frá stjórn.

99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars beinir því til Borgarbyggðar að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja í Borgarnesi.

Íþróttahreyfingin innan UMSB býður fram krafta sína við undirbúning mannvirkja.

Greinagerð:

Ljóst er að aðstaða til íþróttaiðkunar er ekki nægilega góð fyrir tiltekna íþróttagreinar í sveitafélaginu Borgarbyggð. Einnig er erfitt eins og staðan er í dag fyrir aðrar íþróttagreinar að koma inn þar sem ekki er pláss fyrir þær í því húsnæði sem er í boði. Ekki hefur verið farið í stórar framkvæmdir til að bæta aðstöðu síðan 1997 þegar landsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi. Þá var farið í mikla uppbyggingu sem var mjög mikil á þeim tíma. Ljóst er að löngu tímabært er að hefja framkvæmdir á bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar. UMSB leggur áherslu á að farið sé í framkvæmdir sem allra fyrst.

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi 2023 þar sem yfir tíu þúsund manns koma saman til að fylgjast með framtíðar íþróttafólki. Ljóst er að aðstaðan sem boðið er uppá núna er á mörkum að hægt sé að halda mótið. Með frekari uppbyggingu verður sambands svæðið samkeppnishæft við önnur sveitarfélög um að halda mót eins og unglíngalandsmót. Samhliða byggingu þarf að taka tillit til félagsaðstöðu fyrir íþróttahreyfinguna. Íþróttahreyfingin ítrekar að hún gefur kost á sér til að taka þátt í þeirri vinnu sem fram undan er.

Líkt og segir í stefnu ÍSÍ frá 2015 um íþróttastarf barna og unglínga þá ber að tryggja að: Að börn hafi aðgang að áhöldum og tækjum við hæfi jafnt innan dyra sem utan.

Íþróttir barna eiga að vera á forsendum þeirra. Eru boltar og mörk í réttri stærð? Er hægt að lækka körfur? Hefur leikvöllurinn verið aðlagður að aldri barnsins? Eru æfinga- og keppnisvegalengdir við hæfi barna? Er fyllsta öryggis gætt?

Börnum þarf að finnast þau velkomin í íþrótt- og félagsaðstöðu íþróttafélaga, þar sé gert ráð fyrir að í þeim heyrir og líf sé í kringum þau.

Samþykkt breytingartillaga

Tillaga 11. Samþykkt

Tillaga 12. Samþykkt

Tillaga 13. Samþykkt

Tillaga 14. Samþykkt

Tillaga 15. Tillaga frá íþróttanefnd

99. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið í Hjálmakletti 4. mars 2021 beinir því til Borgarbyggðar að skoða að möguleikar til framtíðaruppbyggingar á íþróttamannvirkjum í tengslum við núverandi íþróttasvæði skerðist ekki vegna mögulegrar friðunar Borgarvogs.

Samþykkt samhljóða

13. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Samþykkt samhljóða

14. Kosning stjórnar

Páll Snævar Brynjarsson kynnti tillögur uppstillingarnefndar og ber fram eftirfarandi tillögu fyrir þingið.

Formaður: Sonja Lind Eyglóardóttir til eins árs

Ritari: Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir kosin til tveggja ára

Meðstjórnandi Rakel Guðjónsdóttir kosin til tveggja ára

Vara meðstjórnandi: Þórhildur María Kristinsdóttir kosin til tveggja ára

Vara ritari Ástríður Guðmundsdóttir til tveggja ára.

Aðrir stjórnarmenn halda áfram störfum og eiga eitt ára eftir. Á næsta sambandsþingi verður kosið um þá.

Sigríður Bjarnadóttir gjaldkeri á eitt ár eftir

Guðrún Þórðardóttir vara sambandsstjóri á eitt ár eftir

Borgar Páll Bragason vara varasambandsstjóri á eitt ár eftir

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson vara gjaldkeri á eitt ár eftir

15. Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Tillaga um Sambandsstjóra UMSB á þingið

Sambykkt samhljóða

16. Önnur mál

Rafíþróttir - Umræða skapaðist um kosti og galla þess að stuðla að stofnun rafíþróttafélags. Undirbúningur fyrir sameiginlegt rafíþróttafélag á Vesturlandi er að hefjast.

17. Þinggerð - þingslit

Fundastjóri þakkar fyrir sig og útskýrir fyrir þingheimi að þinggerðin verði kláruð af riturum og þingforseta. Þinggerðin verður síðan birt á heimasíðu UMSB á næstu dögum.

Sonja Lind nýr sambandsstjóri stígur á svið og kynnir sig og sín stefnumál.

Bragi Þór fráfarandi sambandsstjóri slítur 99. sambandsþingi UMSB.